LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
STOFNAÐ 1949

Grænt letur = nýr texti
Rautt letur = Texti fellur brott
Svart letur = Óbreyttur texti

Greinargerð uppfærð 28.10.2026

Þingskjal nr. __

Flytjandi Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir _____

Tillaga

65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir eftirfarandi breytingu á reglum um gæðingakeppni, gr. 7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum.

7.2 Keppnishesturinn í yngri flokkum

Keppandi í barna- unglinga- og ungmennaflokki má ekki mæta til keppni með hest, sem tekur þátt í öðrum greinum mótsins, nema hann sýni hann sjálfur.

Hestur sem tekur þátt í A-flokki ungmennaflokki getur ekki tekið þátt í neinum B flokki eða C flokki á sama móti. Hestur sem tekur þatt í B-flokki ungmenna getur ekki tekið þátt í neinum A flokki eða C flokki á sama móti.

Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi barn, unglingur eða ungmenni fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum.

Í barna-, unglinga- og ungmennaflokki keppir keppnisparið fyrir félag knapa, óháð félagsaðild hesteiganda. Keppnishestur í barna-, unglinga- og ungmennaflokki getur aðeins keppt fyrir eitt félag á hverju almanaksári.

Greinargerð:

Í A-flokki gæðinga er skýrt að hestur sem tekur þátt í greininni getur ekki tekið þátt í öðrum A-flokki gæðinga, né neinum B- eða C-flokki gæðinga á sama móti. Sama á við um B-flokk gæðinga. Þegar A-flokkur ungmenna bættist við reglugerð um gæðingakeppni misfórst að gera grein fyrir að hestur sem tekur þátt í A-flokki ungmenna geti ekki tekið þátt í neinum B- eða C-flokki gæðinga á saman móti og er hér bætt úr því.